

SVONA EFLUM VIÐ NORRÆNT SAMSTARF, SAMKENND OG TRAUST

Formáli

Í kórónuveirukreppunni hefur reynst nauðsynlegt að bregðast hratt og vel við. Norðurlöndin hafa gert það sem þau hafa talið íbúum og samfélaginu fyrir bestu – innan eigin landamæra. En almennt séð hefur skort norrænt sjónarhorn og tillit til þess að margir Norðurlandabúar sækja vinnu, stunda nám og búa dags daglega í minnst tveimur norrænum ríkjum.

Kórónuveirufaraldurinn hefur því haft alvarlegar afleiðingar fyrir mörg börn, ungmenni, fullorðna og aldraða íbúa Norðurlandanna – ekki síst fyrir þá sem búa við landamærin – og einnig fyrir atvinnulífið og samfélagið í heild sinni.

Kórónuveirukreppan hefur því leitt í ljós ákveðna veikleika á samstarfi Norðurlandanna en hefur einnig kennt okkur hve nauðsynlegt norrænt samstarf er. Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur.

Við getum ekki breytt því sem liðið er en við getum haft áhrif á framtíðina. Við getum lært af þessum sögulegu tímum og leiðrétt þá veikleika á norrænu samstarfi sem kórónuveirufaraldurinn hefur leitt í ljós. Þannig getum við í sameiningu skapað öryggi fyrir íbúana, atvinnulífið og samfélagið í framtíðinni.

Hver er staðan?

Í kórónuveirukreppunni hafa Norðurlöndin valið ólíkar leiðir og tæki til að draga úr smiti. Ekki hefur verið þróuð skýr sameiginleg norræn áætlun og samræming á þeim tíma sem faraldurinn hefur staðið yfir.

Sjá má að Norðurlöndin einnig hér árið 2021 bregðast við hvert í sínu horni, án nokkurrar verulegrar sýnilegrar samræmingar við hin Norðurlöndin, þegar nýjum takmörkunum er komið á í löndunum í því skyni að draga úr smiti.

Finna má nokkur jákvæð dæmi um samstarf varðandi ferðir íbúanna, t.d. um að sækja norræna ríkisborgara í útlöndum þegar heimsfaraldurinn braust út, auk þess sem mörg samskipti ráðherra – og forsætisráðherra – hafa leyst sum stærstu vandamálanna, þar á meðal fyrir vinnuferðalanga, sem voru útilokaðir frá bæði atvinnu og almannatryggingum.

En fjöldinn allur af skýrslum um kórónuveirutengdar stjórnsýsluhindranir og aðrar stjórnsýsluhindranir sýnir að þörf er á nánara og kerfisbundnara samstarfi til að koma í veg fyrir endurtekningu á sumum þeirra órökréttu og óskiljanlegu inngripa í líf borgaranna, þar á meðal vinnuferðalanga og annars vinnandi fólks frá hinum Norðurlöndunum auk ferðamanna, viðskiptafólks, námsmanna, sumarbústaðaeigenda og fjölskyldna sem búa í mörgum löndum.

Öll Norðurlöndin hafa komið á takmörkunum á ferðum inn í löndin, ákvæðum um sóttkví og banni við ferðum inn í löndin í því skyni að koma í veg fyrir smit milli landa. Viðmiðunarreglur og aðgerðir í löndunum hafa meðal annars stuðlað að aðstæðum þar sem vinnuferðalangar hafa orðið fyrir barðinu á aðgerðum sem aðrir launþegar hafa sloppið við. Það hefur stuðlað að „við og þau-afstöðu“, sem vinnur gegn norrænu samstarfi og samkennd.

Til eru dæmi frá öllum Norðurlöndunum en sem dæmi má nefna að á fyrstu 54 vikum heimsfaraldursins breytti Noregur takmörkunum landsins 48 sinnum með alvarlegum afleiðingum, ekki síst fyrir þá sem búa og starfa á norrænum landamærasvæðum. Noregur hefur síðan tekið ákvörðun um greiða bætur til margra þeirra vinnuferðalanga sem takmarkanirnar hafa bitnað á.

Innleiðing nýrra takmarkana, ásamt skorti á skýrum upplýsingum, hefur einnig stuðlað að ólíkri túlkun á reglum við landamærastöðvar, sem svo aftur hefur stuðlað að óróa og óvissu fyrir vinnuferðalanga, fyrirtæki og ýmsa aðra.

Þetta hefur haft bein áhrif á daglegt líf íbúanna. Hér eru nokkur dæmi um hvernig viðbrögð við kórónuveirufaraldrinum hafa haft áhrif á Norðurlandabúa:

- Börn: Fjölskyldur hafa sundrast. Börn þar sem foreldrarnir búa sitt hvoru megin norrænna landamæra hafa ekki getað komist heim til annars foreldrisins.
- Ungt fólk: Ungt fólk hefur misst tækifærið til að stunda nám. Námsmenn sem hafa heimsótt fjölskyldu sína í Danmörku hafa ekki getað snúið aftur til heimilis og námsstaðar í Noregi. Heimsfaraldurinn hefur einnig haft áhrif á geðheilsu ungs fólks, vinnu þess og félagslegar aðstæður.
- Fullorðið fólk: Fjölskyldur sem búa beggja vegna landamæra hafa ekki getað hist. Mismunun einstaklinga sem stunda vinnu í búsetulandinu og þeirra sem ferðast í og úr vinnu yfir landamæri. Danskir og norskir sumarbústaðaeigendur í Svíþjóð hafa ekki getað farið í sumarbústaði sína.
- Aldraðir og viðkvæmir hópar: Geta ekki fengið börn og fjölskyldu í heimsókn sem búa í öðru norrænu ríki. Einstaklingar sem eru að kveðja þessa jarðvist eiga ekki kost á að kveðja sína nánustu.
- Vinnumarkaðurinn: Íbúar hafa ekki getað komist til vinnu sinnar. Eru skattlagðir í „búsetulandinu“ fremur en „vinnulandinu“. Einstaklingum, sem hafa neyðst til að vinna að heiman, er skyndilega refsað skattalega vegna þess að þeir dveljast í öðru norrænu ríki en „vinnulandi“ sínu. Kerfi vinnumarkaðarins hafa ekki tekið tillit til þessara sérstöku aðstæðna og hafa skilið marga íbúa eftir í „einskismannslandi“.
- Atvinnulífið: Skal skila skýrslum og haga sér samkvæmt skattareglum annars ríkis þegar vinnuferðalangar vinna gegn eigin vilja að heiman. Nauðsynlegt hefur reynst að segja upp starfsfólki í verslunum á landamærasvæðum vegna lokunar landamæra.
- Samfélagið: Traust og þjóðarhagur eru undir þrýstingi. Einstaklingar og fyrirtæki á landamærasvæðum missa traust á norrænu samstarfi. En um leið hefur ástandið einnig sýnt mikilvægi þess að efla norrænt samstarf.

Hvert stefnum við?

Norðurlandaráð vill að við lærum af kórónuveirukreppunni og að við aukum traust til norræns samstarfs og norrænnar samkenndar. Norðurlandaráð vill einnig halda fast við framtíðarsýnina og markmiðið um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Ef þetta á að takast er þörf beinna aðgerða í samstarfi milli allra Norðurlandanna.

Kórónuveirufaraldurinn er eitt margra dæma um þörfina á að efla norrænt samstarf á sviði almannavarna. Önnur dæmi á síðastliðnum árum eru náttúruhamfarir, loftslagsbreytingar, netógnir og flóttafólk.

Tryggjum og eflum samkennd og traust á Norðurlöndum

Þörf er á að löndin semji um gagnkvæma tilkynningaskyldu til að vara við tímanlega og að svo miklu leyti sem kostur er að semja um og rökstyðja takmarkanir á landamærum áður en þeim er hrint í framkvæmd. Samræming og gagnkvæm kynning brýtur ekki fullveldi ríkjanna.

Að því er varðar lokun landamæra er þörf skýrs rökstuðnings þannig að landamærum sé ekki lokað ef útbreiðsla smits er nánast sú sama beggja vegna landamærananna. Hins vegar er auðvelt að útskýra tiltekna stað- eða svæðisbundna lokun landamæra þegar hana má rökstyðja með hættu á smiti.

Ofantalið er nauðsynlegt ef á að endurvekja og efla traust íbúanna. Rannsóknir og skoðanakannanir sýna því miður svo ekki verður um villst að það traust sem þarf til, svo íbúarnir vilji skipta lífi sínu milli tveggja landa, hefur náð nýrri lægð í kórónuveirukreppunni. Gagnkvæmt traust milli landanna, milli íbúanna og milli stjórnvalda og íbúa hefur alla tíð verið sérkenni norrænna samfélaga. Þannig á það að vera áfram.

Fleiri launþegar og sjálfstætt starfandi eiga að geta litið á og notað Norðurlöndin öll sem sína heimahöfn án þess að þurfa að óttast háan skatt, eyðilaggt frí, mismunun á vinnustað og illa rökstudda sóttkví. Stafrænum stjórnsýsluhindrunum ber að ryðja úr vegi.

Hvetja þarf fleiri úr hópi ungs fólks til að stunda nám og vinnu í öðru norrænu ríki án ótta við takmarkanir. Efla ber skiptiáætlanirnar Nordplus og Nordjob. Gagnkvæm viðurkenning náms á Norðurlöndunum öllum ætti að vera sjálfsagt mál. Við þurfum að veita gagnkvæma viðurkenningu á námi norrænu ríkjanna.

Sköpum öflugt norrænt samstarf um viðbúnaðarmál

Norðurlöndin þurfa að veita gagnkvæma aðstoð þegar hættuástand skapast. Núverandi viðbúnað hefur verið aukið við og hann staðfestur, meðal annars með „Kaupmannahafnar-yfirlýsingu“ yfirmanna almannavarna frá 2019. Þörf er á að kanna frekari möguleika á samstarfi um viðbúnaðarmál, líkt og Finnland, sem fer með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni, hefur lagt til. Þar á meðal samstarf um varnarráðstafanir, lyf og lækningatæki, bóluefni, sýklalyfjaónæmi, afkastagetu sjúkrahúsa o.fl. Samstarfið um viðbúnaðarmál á að sjálfsögðu einnig að ná til náttúruhamfara eins og flóða og skógarelda ásamt netógnum gegn lífsnauðsynlegum gangvirkjum samfélagsins.

Því beinir Norðurlandaráð eftirfarandi til norrænu forsætisráðherranna á leiðtogafundinum í Kaupmannahöfn:

Að láta fram fara úttekt og endurnýjun allra norrænna samninga með tilliti til að ná norrænu framtíðarsýninni 2030 um að verða samþættasta og sjálfbærasta svæði í heimi. Þar á meðal endurskoðun á núverandi norrænum samningum um frjálsa för og hagsmuni/réttindi norrænna borgara, atvinnulíf og samfélag.

Að fela viðeigandi fagráðherranefndum Norrænu ráðherranefndarinnar að samhæfa að því er varðar takmarkanir, lagabreytingar og ákvæði, sem hafa áhrif á frjálsa för á Norðurlöndunum, t.d.: Norrænu ráðherranefndinni um menntamál og rannsóknir, Norrænu ráðherranefndinni um vinnumál, Norrænu ráðherranefndinni um félags- og heilbrigðismál, Norrænu ráðherranefndinni um efnahags- og fjármál, og Norrænu ráðherranefndinni um sjálfbæran hagvöxt. Auk þess að koma á fót Norrænni ráðherranefnd um samgöngumál-í sama skyni.

Að taka saman skýrslu um hvernig Covid-19 hefur haft áhrif á ungt fólk á Norðurlöndum, m.a. að því er varðar nám, vinnu, einangrun og geðheilsu. Auk þess að hrinda af stað beinum verkefnum til að greiða fyrir frjálsri för og aukinni samkennd, trausti og aðlögun meðal barna, ungs fólks, fullorðinna og aldraðra.

Að gera nýjan norrænan samning um samstarf á sviði viðbúnaðar og hættustjórnunar, sem væri í samræmi við aðra norræna samninga um t.d. almannatryggingar, skattamál og sameiginlegan norrænan vinnumarkað.

Að vinna að samræmdri eða sameiginlegri norrænni almannavarnalöggjöf á Norðurlöndum sem verði hrint í framkvæmd í þjóðþingum allra landanna, eða samræmingu almannavarnalaga á Norðurlöndunum.

Að koma á fót nýrri norrænni viðbúnaðarsveit, ekki sem sjálfstæðri stofnun, heldur á þann hátt að auka við og efla núverandi norræn tengslanet og stofnanir til að hleypa lífi í og ná til samstarfs á sviði viðbúnaðar og hættustjórnunar, sbr. Haga-samstarfið, NORDEFECO (Norrænt varnarmálasamstarf) og Norrænu velferðarmiðstöðina.

Að auka við NORDEFECO-samstarfið með samhliða samstarfi á sviði viðbúnaðarmála og samræma almannavarnalöggjöfina á Norðurlöndunum í því skyni að tryggja samvirkni og bestu möguleika á gagnkvæmri aðstoð þegar hættuástand skapast. Það mætti t.d. kalla NORDRESCUE, / NORRESCO (Nordic Rescue Co-operation), NORDSAFE / NORDSAFE (Nordic Safety Co-operation) eða NORDICO (Nordic Contingency Co-operation).

Að liður í sameiginlegumviðbúnaði verði að styðja við sameiginleg norræn verkefn varðandi rannsóknir og framleiðslu – m.a. með tilliti til lyfja, bóluefna o.s.frv.

Að skapa sameiginlegan skilning á því að hugsanleg breyting í framtíðinni á Helsingfors-samningnum eigi að fela í sér samstarf um viðbúnaðarmál.

Norðurlandaráð bíður svars frá öllum norrænu forsætisráðherrunum við ofangreindum tilmælum.